

ADALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

Greinargerð og uppdráttur – efnistökusvæði í Haga 2

16.08.2023



Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

103244-ASKBR-001-V02

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Margrét Róbertsdóttir

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Minjar	4
3	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
3.2	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	5
4	BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI	6
4.1	Breytingar á uppdrætti	6
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	6
5.1	Umhverfisþættir og áherslur	6
5.2	Valkostir	7
5.3	Umhverfisáhrif	7
5.3.1	Niðurstaða	7
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	8
6.1	Skipulagsferlið	8

1 INNGANGUR

Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er í landi Haga 2 á svæði þar sem landeigandi hefur tekið lítilsháttar af efni til eigin nota. Með breytingunni verður sett inn 1,5 ha efnistökusvæði þar sem heimilt er að vinna allt að 45 þús. m³ af efni. Markmið með breytingunni er að heimila meiri efnistöku en getur fallið undir að vera til eign nota og því er skilgreint efnistökusvæði.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi með umhverfismatskýrslu.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Landeigandi hefur tekið efni til eigin nota á hluta svæðisins, sem er skammt norðvestan við bæjartorfunu á Haga. Fyrirhuguð er áframhaldandi efnistaka, bæði til eigin nota og jafnvel til vegagerðar eða annarra nota eftir þörfum. Efnistakan er á flata í brekkunni skammt norðvestan við bæina og hallar landið til suðurs. Hluti svæðisins er gróinn en annað er ógróið. Á svæðinu er að finna um 2-4 m þykkt lag af mól sem getur hvort sem er nýst til vegagerðar eða annarra framkvæmda. Fyrir þó nokkrum árum féll skriða á svæðinu en það hefur að hluta til náð að gróa upp síðan. Þar sem fyrirhuguð er meiri efnistaka á svæðinu en getur fallið undir efnistöku landeiganda til eigin nota þá vill landeigandi að svæðið verði skilgreint sem efnistökusvæði.

Svæðið sem efnistökusvæðið kemur til með að ná yfir er grasi gróið og skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar er að finna eftirtaldar vistgerðir: Grasengjavist, língresis- og vingulsvist, hraungambravist, snarrótarvist, sem allar eru með hátt verndargildi og fremur útbreiddar og víðimelavist sem hefur lágt verndargildi.

Á efnistökusvæðinu og í nágrenni þess er ekki að finna náttúruminjar sem njóta sérstakrar verndar.

Efnistökusvæðið er ekki sýnilegt frá bæjartorfu Haga og heldur ekki þegar ekið er um Þjórsárdalsveg.

Vatnsverndarsvæði er skammt austan við efnistökusvæðið en lítill gilskorningur á milli og er ekki gert ráð fyrir að efnistakan hafi árf á vatnsverndarsvæðið.

2.1 Minjar

Unnið er að aðalskráningu minja í sveitarfélaginu og er búið að skrá minjar í Haga 2. Engar þekktar minjar eru á svæðinu og hefur því verið raskað að hluta með efnistöku, auk þess sem skriða féll á hluta þess fyrir nokkrum árum.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag í dreifbýli

Í landsskipulagsstefnu kemur fram að fyrir skipulag í dreifbýli þá skuli skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands, til landbúnaðar og annarrar nýtingar, byggjast á flokkun landbúnaðarlands.

Aðalskipulagsbreytingin er metin í samræmi við landsskipulagsstefnu. Vegna halla lands þá er landið ekki heppilegt til ræktunar en getur nýst til beitar. Svæðið nýtur heldur ekki verndar og er því talið heppilegt til efnistöku, og hefur landeigandi tekið efni þar til eigin nota.

3.2 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Svæðið sem breytingin nær yfir er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og í flokkun landbúnaðarlands fellur það í flokk IV, eða lakasta landið til ræktunar. Norðan við bæjartorfuna í Haga er vatnsból og vatnsverndarsvæði. Fyrirhugað efnistökusvæði er utan vatnsverndarsvæða.

Stefna fyrir landbúnaðarsvæði

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verða áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu landbúnaðarlands.

Stefna fyrir efnistökusvæði

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá eða hverfisverndarsvæðum.
- Áhersla verði á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.
- Vanda skal frágang efnistökusvæða og aðlaga þau að nærliggjandi umhverfi.

Aðalskipulagsbreytingin er metin í samræmi við stefnu í aðalskipulagi. Vegna halla lands þá er landið ekki heppilegt til ræktunar en getur nýst til beitar. Svæðið nýtur heldur ekki verndar og er því talið heppilegt til efnistöku, og hefur landeigandi tekið efni þar til eigin nota.

4 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á sveitarfélagsupprætti og greinargerð. Skilmálar eru í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi.

4.1 Breytingar á upprætti

Bætt er inn nýju efnistökusvæði í töflu í greinargerð.

TAFLA 1. Efnistöku- og efnislosunarsvæði.

NR	HEITI	LÝSING	MAGN M3	STÆRÐ Í HA	JÖRÐ
E56	Hagi 2	Malarnáma. Leitast skal við að halda svarðlagi til haga og nýta við frágang námunnar. Jafn óðum skal ganga frá nám- unni þegar efnistöku lýkur á einu svæði. Við flutninga á efni um bæjartorfu Haga skal stilla aksturs- hraða í hóf og sýna fyllstu aðgæslu.	45.000	1,5	Hagi 2

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

5.1 Umhverfispættir og áherslur

Skoðuð eru áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 2.

TAFLA 2. Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none">Áhersla er á góða umgengni efnistökusvæða á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok. Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none">Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulags- ákvörðunum.	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmynd- anir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none">Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland (flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar. Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none">Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulags- ákvörðunum.	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra? Hefur stefnan áhrif á ræktunar- möguleika ?
Heilbrigði <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Umferðaröryggi.</i>	Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none">Áhersla er á góða umgengni efnistökusvæða á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.	Er hætta á mengun, hávaða eða ónæði vegna stefnu skipulags- ins?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i>	Stefna í aðalskipulagi. <ul style="list-style-type: none"> Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja. 	Hefur stefnan áhrif á minjar?

5.2 Valkostir

Hugmynd var um að gera nýja og tímabundna aðkomu að efnistökkunni frá Þjórsárdalsvegi, svo ekki þyrfti að aka um bæjartorfuna á Haga með efni. Fallið er frá þessari hugmynd vegna þess rasks sem yrði á ræktuðu landi og góðu landbúnaðarlandi, ásamt kostnaði við vegagerð. Þess í stað eru settir skilmálar um að sýna fyllstu aðgæslu við akstur um bæjartorfuna.

Gildandi aðalskipulag (núll kostur) verður borið saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag. Þ.e. að um 1,5 ha landbúnaðarsvæðis verði breytt í efnistökusvæði með heimild fyrir um 45.000 m³ efnistöku.

5.3 Umhverfisáhrif

Breytt skipulag

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Ekki er um að ræða gott landbúnaðarland eða þekktar jarðmyndanir og svæðinu hefur verið raskað að hluta til með efnistöku. Skilmálar eru í gildandi aðalskipulagi um vandaðan frágang og góða umgengni á nýtingartíma náma almennt. Fyrir námu í Haga 2 eru settir skilmálar um að halda svarðlagi til haga og nýta við frágang.

Áhrif á gróður eru óveruleg. Gróið land og vistgerðir með hátt verndargildi raskast á vinnslutíma efnistökusvæðisins. Settir eru skilmálar um að halda svarðlagi til haga og nýta við yfirborðsfrágang svæðisins.

Áhrif á heilbrigði eru neikvæð/óviss. Á vinnslutíma er mögulegt að íbúar á bæjartorfu Haga verði fyrir ónæði vegna hávaða og aksturs stórra bíla um bæjarhlaðið. Mikilvægt er að stilla aksturshraða í hóf á bæjarhlaðinu og taka tillit til gangandi fólks og dýra.

Áhrif á minjar eru engin. Engar þekktar náttúru- eða menningarminjar eru á svæðinu.

5.3.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt því að framboð á góðum efnistökusvæðum aukist og að landeigandi skilgreini efnistöku þegar hún fer fram yfir eðlilegt magn sem ætla má að sé til eigin nota.

Ekki er um að ræða gott landbúnaðarland og ekki ætti að þurfa að aka langa leið með efni þangað sem það er nýtt sem dregur úr kostnaði og losun gróðurhúsalofttegunda.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Skipulagslýsing var kynnt sumarið 2023, eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda. Umsagnir bárust frá: Minjastofnun, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun.

Aðalskipulagsbreytingin verður kynnt og auglýst í blöðum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

Breytingin verður send til eftirtalinna umsagnaraðila:


- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin

6.1 Skipulagsferlið




Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Efnistökusvæði í Haga 2



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR

SKÝRINGAR

LANDNOTKUNARFLOKKUR

- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Slóðar
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Ljósleiðari

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsból
- Friðlýstar fornminjar
- Skipulagsmörk
- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Landbúnaðarland flokkur I og II
- Svæði sem breytingin nær til



Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Efnistökusvæði í Haga 2

Verk: 103244

Unnið: GAL

Mælikvarði: 1:50.000

Samþykkt:

Blaðstærð: A4

Rýnt: IS

Dags: 16.08.2023

Breytt dags:

